

**No.**

**149. Átt**

um frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá Matth. Ólafssyni.

Jeg hefi eigi getað átt samleið með samnefndarmönnum mínum í þessu máli, og vil jeg því í fáum orðum gera grein fyrir af hverjum ástæðum jeg hefi eigi getað fallist á niðurstöðu þá, er hinir hlutar nefndarinnar hafa komist að.

Jeg felst að vísu á þá skoðun, að aðal markmið sparisjóða sje að taka á móti og ávaxta sparifje manna, en jeg álit, að þar sem eins stendur á og hjer hjá oss, að bankar eru fáir og fjelitlir og koma því hinum ýmsu hjeruðum landsins að litlu gagni, þá sje nauðsynlegt að það fje, er menn spara í landinu, sje sem allra mest í umferð, með öðrum orðum sje lánað út til að ljetta undir framkvæmdum, sem ella kæmist ekki á, af því að bankarnir sumpart eru svo langt í burtu, að menn eigi geta notað þá og sumpart af því, að þeir geta eigi hjálpað

vegna fjárskorts. Jeg er í engum efa um að mjög margt hefði verið ógert út um landið, af því, sem nú er gert, ef sparisjóðirnir annaðtveggja eigi hefði verið til eða eigi haft annað starf með höndum en að geyma sparifje manna. En þar sem jeg nú hefi þá skoðun, að sparisjóðirnir hafi sem lausastan tauminn í þessu efni, þá leiðir og af því, að jeg vil hafa eftirlitið með þeim, sem allra öruggast meðal annars til þess, að þeir, er fje safna, eigi þurfi á nokkurn hátt að óttast um fje sitt, þótt þeir leggi það í sparisjóðina, og að sparisjóðirnir vinni þannig tvöfalt gagn, fyrst með því, að geyma fje safnenda, og í öðru lagi með því, að greiða fyrir viðskiftum og framkvæmdum út um landið. Í þessu landi má enginn peningur liggja iðjulaus.

Frá mínu sjónarmiði ber landsstjórninni eigi einungis rjettur, heldur og skylda til að hafa nákvæmt eftirlit með sparisjóðum landsins, alla þá stund, sem lánsfje er ófáanlegt, með nokkurn veginn aðgengilegum kjörum út um sveitir landsins. Þegar svo er komið, gæti komið til mála að sparisjóðir hefði aðallega fjársöfnun eina með höndum.

Undir það, sem jeg nú hefi sagt, hygg jeg að flestir eða ef til vill allir samnefndarmenn mínir gætu skrifað. Ágreiningurinn milli mín og þeirra, er í því fölginn, að það sem þeir telja sémilegt eða nægt eftirlit, tel jeg ljelegt eða með öllu ónógt. Mun jeg nú leitast við að færa rök fyrir þeirri staðhæfing minni.

Tveir nefndarmenn, G. Eggerz og Stefán Stefánsson, hallast helst að því, að eftirlit sje með öllu óþarft, sparisjóðunum stjórninni nú svo valinkunnir menn, að engin ástæða sje til tortryggni.

Hingað til hefir það verið bannað í lögum flestra sparisjóða, að stjórnendurnir mættu taka lán í þeim sjálfir eða ábyrgjast lán úr þeim. Þessu vilja nú þessir nefndarmenn breyta og gefa þeim leyfi til, að taka lán úr sjóðunum, þó því að eins, að aðalfundur leyfi. Meðan jeg bjóst við, að samkomulag gæti orðið um sémilegt eftirlit hafði jeg fallist á þessa breytingu, en þó þannig, að lánsupphæðin til þeirra mætti aldrei fara fram úr 10% af innstæðufjenu. Af nefndaráliti þeirra Guðm. Hannessonar og Bjarnar Hallssonar sje jeg, að þeir hafa fallið aftur frá því ákvæði, og mega því sparisjóðsstjórnendur fá alt fje sparisjóðsins, það er handbært er, að láni, ef þeir geta fengið samþykki rúms þriðja hluta ábyrgðarmanna á aðalfundi til þess, og sett eitthvert fasteignarveð, sem þeir sjálfir meta.

Þó eru þetta þeir tveir af nefndarmönnum, er fremur hafa hallast að einhverju eftirliti, og býst jeg því ekki við, að hinir tveir, þeir G. E. og St. St., fari fram á breytingu á þessu, til hins betra, en þetta ákvæði verð jeg að telja með öllu óhæft, enda þótt eftirlitið ætti að vera í besta lagi, hvað þá þegar það er mjög slælegt.

Þá kem jeg að því, sem er aðal-ágreiningsefnið.

Í frumvörpum stjórnarinnar hefir því jafnan verið haldið fram, að umsjónarmaðurinn væri nauðsynlegur, og virðist stjórnin hafa fært sémilega skýr rök fyrir því. Það mætti nú halda því fram, að eigi væri mark á því takandi, þótt stjórnin hjeldi fast við umsjónarmanninn, þar sem hún þegar í byrjun hafði lagt allmikla áherslu á það atriði. En þess ber að gæta, að nú hafa þegar þeir ráðherrar, sumpart undirbúið þetta frumvarp og sumpart lagt það fyrir þingið, og allir vilja þeir halda umsjónarmanninum, og var þeim þó kunnugt um, hvernig

að þingið tók í það mál. Af þessu virðist mega álykta, að þeir telji eftirlitið að minsta kosti ljelegra án hans, og er það ótvírætt rjett álitid. Annars er erfitt að sjá hvers vegna að umsjónarmaðurinn er svo mörgum þm. þyrnir í augum, því eigi vil jeg geta þess til, að það sje af því, að þingmenn renni grun í, að kjósendur telji það óþarfa embættisstofnan. Slika lítilmensku ætla jeg engum þingmanni, ef þeir væru sannfærðir um gagnsemina af umsjónarmanninum.

Er þá næst að athuga, hvað nefndarmenn þeir, er eitthvert eftirlit vilja hafa, vilja setja í stað umsjónarmannsins. Þeir viðurkenna það nú, reyndar óbeinlínis, að eftirlit það, er þeir leggja til, að haft sje, eigi sje eins fullkomið og með umsjónarmanninum, en þess sje heldur ekki þörf og þess utan hafi það þann mikla kost, að það sje mun ódýrara, hve miklum mun geta þeir ekki sagt. Þeir leggja sem sje til, að eftirlitið sje í því fólgið, að landsstjórnin fái bankavannann mann til að líta eftir 5 sparisjóðum á ári. Þennan bankavana mann á að fá hjá Landsbankanum, og það kvað ekki vera hætt við, að hann fáist ekki, því núverandi bankastjóri kvað hafa sagt, að hann mundi geta lánað landinu einn af bestu mönnum sínum.

Þetta er nú í sjálfu sjer gott að vita, að hægt er að fá mann hjá bankanum, að minsta kosti, meðan núverandi bankastjóri lifir eða hefir umráð yfir bankanum. En jeg verð að efa, að eftirmaður hans yrði að sjálfsögðu eins birgur af mönnum og hann virðist vera. Mér finst t. d., að ef jeg væri bankastjóri, þá mundi svar mitt við slíkri beiðni verða eitthvað á þá leið, að jeg hefði eigi fleiri menn en jeg þyrfti á að halda og gæti því engan lánað, sist af öllu þann, er jeg teldi bestan, og jeg skil ekki, að landsstjórnin gæti tekið neinn af starfsmönnum bankans að óvilja bankastjóra. En þótt þetta gæti nú jafnan fengist og trygging væri fyrir því, þá er það víst, að enga tryggingu er hægt að hafa fyrir því, að þetta yrði ávalt sami maðurinn og það væri afar-óheppilegt. Fastur umsjónarmaður mundi innan skamms hafa kynt sjer svo ástandið í landinu og hlyti, áður en langt liði, að þekkja af eigin sjón allflest veð í sparisjóðunum. Ef um samkepni gæti verið að ræða milli bankans og sparisjóðanna, þá má fara nærri um, hve holl afskifti bankamannsins yrði á sparisjóðina. Umsjónarmaðurinn hefði enga hvöt til að bægjast við sjóðina og gæti ekki haft neitt annað en gagn þeirra fyrir augum.

Þeir G. H. og B. H. láta mikið yfir því, hve vel sparisjóðum landsins sje stjórnað og hve tryggir þeir sje. Þó eru þess dæmi, að sparisjóðir hjer á landi hafa orðið gjaldþrota og jafnvel týnst með öllu, og nú síðustu dagana berast sögur af einum sjóði, sem sagt er að sje hætt staddur, þótt vonandi rætist fram úr því.

Jeg fæ eigi betur sjeð, en að eftirlit sje nauðsynlegt og það því fremur, sem brask er mjög að aukast í landinu. Það er of seint að taka í taumana þegar óhapp hefir viljað til. En ef eftirlitið á að vera að nokkru verulegu gagni, þá þarf að vera eitt yfir-estirlit, og þótt ekki væri annað við það unnið en að auka traust landsmanna á sjóðunum, og það hlyti það að gera, þá væri nokkru til þess kostandi.

Jeg legg því til, að háttvirt neðri deild samþykki frumvarpið með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

**Við 13. gr.**

Á eftir orðinu: »Landsbankanum« komi:  
eða útibúum hans.  
»eða — upphæð« falli burt.

**Við 16. gr.**

Í stað orðanna í 2. málsgrein: »eignir hans nemi« komi:  
varasjóður hans nemi.

Neðri deild Alþingis, 29. júlí 1915.

Matth. Ólafsson.